

230. fundur - 28. desember 2004

Fundurinn hófst kl. 13:10 í Reykhólaskóla. Mættir allir aðalmenn nema Bjarki Stefán Jónsson en Rebekka Eiríksdóttir var mætt í hans stað. Enn fremur mættur sýslumaður Þórólfur Halldórsson auk sveitarstjóra er sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti las upp dagskrá. Undir liðnum "önnur mál" óskaði oddviti eftir að leggja fram til kynningar bréf frá félagsmálaráðuneytinu stílað á oddvita Reykhólahrepps, þar sem óskað er umsagnar oddvita um erindi Björns Samúelssonar f.h. Theodóru Guðnadóttur varðandi kaup á landspildu úr Reykhólajörðinni og meðferð hreppsnefndar á því máli.

Samþykkt að taka þetta á dagskrá.

Var nú gengið til dagskrár. Þetta gerðist:

1) Tillögur verkefnisstjórnar um byggðaaætlun fyrir Vestfirði. Fulltrúi Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu í verkefnisstjórninni, Þórólfur Halldórsson sýslumaður á Patreksfirði, skýrði frá tillögum nefndarinnar. Styttast fer í að verkefnisstjórn skili tillögum til ráðherra og var talið rétt að tillögurnar væru kynntar sveitarstjórnnum áður en ráðherra fengi þær í hendur.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir svokölluðum "vaxtarsamningi Vestfjarða." Tillögur nefndarinnar snúast mestmegnis um Ísafjarðarsvæðið, enda gert ráð fyrir að Ísafjörður verði byggðakjarni Vestfjarða.

Sýn til framtíðar er sú að fyrir árið 2020 verði íbúatala Vestfjarða um 9.000 manns, í fjölskylduvænu samfélagi sem verður eftirsótt vegna góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingar frítíma, sem byggist á fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi.

Áhersla er lögð á þrjá klasa á eftirfarandi kjarnasviðum:

- a) Sjávarútvegs- og rannsóknaklasi
- b) Mennta- og rannsóknaklasi
- c) Menningar- og ferðaþjónustuklasi.

Sýslumaður taldi möguleika sunnanverðra Vestfjarða vera mesta á menningar- og ferðaþjónustusviði. Fyrir liggur tillaga um byggingu hótels á sunnanverðum Vestfjörðum og er þá einkum Patreksfjörður hafður í huga.

Sveitarstjóri nefndi að e.t.v. væri möguleiki að koma að hugmyndum um ræktun og eldi risarækju á Reykhólum undir sjávarútvegs- og matvælasviði og koma að hugmyndum um heilsutengda ferðaþjónustu á Reykhólum undir menningar- og ferðaþjónustusviði.

Sýslumaður taldi skynsamlegra að svæðið myndi koma með eina tillögu frekar en tvær. Hugmyndir um risarækjuna væru sennilega lengra á veg komnar.

Von er á fulltrúum Orkuveitu Reykjavíkur til Reykhóla þar sem þeir munu kynna tilraunaverkefni um ræktun og eldi risarækju fyrir hreppsnefnd og fulltrúum frá Þörungaverksmiðju. Gott væri ef hægt væri að koma tillögum byggðum á þessum hugmyndum til verkefnisstjórnarinnar eigi síðar en 10-15. janúar 2005.

Oddviti þakkaði sýslumanni góða skýrslu og óskaði honum góðrar heimferðar. Sýslumaður yfirgaf nú fundinn kl. 14:40

2) Vátryggingamál Reykhólahrepps, endurnýjun vátryggingasamnings. Sveitarstjóri kynnti að vátryggingasamningur Reykhólahrepps og Vátryggingafélags Íslands væri útrunninn og lagði fram nýjan samning sem á að gilda frá 1. janúar 2005 til 1. janúar 2010.

Egill Sigurgeirsson vék nú af fundi.

Oddviti lagði til að sveitarstjóra væri falið að ganga frá nýjum samningi við VÍS. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Egill kom nú aftur inn á fundinn.

Önnur mál

Oddviti kynnti bréf félagsmálaráðuneytis til sín dags 15. des. 2004 þar sem óskað er umsagnar oddvita varðandi beiðni eiganda Höllustaða um að ráðuneytið úrskurði um gildi afgreiðslu máls hjá hreppsnefnd Reykhólahrepps þann 9. desember sl. varðandi það að hreppurinn hlutist til um kaup á landspildu úr Reykhólajörðinni til endursölu til eiganda Höllustaða með vísun í 35.gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Oddviti mun svara bréfinu fyrir uppgefinn frest sem er 5. janúar 2005.

Að lokum var rætt um áramótabrennu í Reykhólahreppi 2004. Ákveðið að semja við verktaka um flutning á timbri frá ruslasvæði á Reykhólum í Bjarkalund. Reiknað með að Stefán Jónsson á Gróustöðum verði brennustjóri.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:42

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Rebekka Eiríks (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)